



22. febrúar 2024

## Fjölнисvegur 12 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2024 var lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 6. febrúar 2024 þar sem sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að sameina vinnustofu, rými 0101 í mhl.02 og hluta af íbúð, rými 0001 í kjallara íbúðarhúss, mhl.01, og bæta við bílastæði í suðvestur horni á lóð nr. 12 við Fjölнисveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt Aðalskipulagi tilheyrir lóðin íbúðarbyggð, Skólavörðuholti.

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag á reitnum.

### Umsögn

Fjölgun íbúða, ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að innrétta aukaíbúð í húsinu sem er skráð á sama fastanúmer og aðalíbúð hússins.

Teikning samþykkt af byggingarnefnd frá árinu 1959 sýnir tvö bílastæði. Sú teikning hefur runnið út. Ef ekki er farið í framkvæmdina innan tveggja ára, rennur samþykktin út.

Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt, það fyrirkomulag er vont í þéttbyggðu miðborgarhverfi. Fjöl mörg dæmi er um innkeyrslur eins og þessar í miðborginni, ekki er mælt með því að fjölga þeim enda ekki gott fordæmi.

### Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við aukaíbúð.

Neikvætt að gera eitt bílastæði á lóð samanber umsögn hér að ofan.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri